

Vinnandi menn á Egilsstöðum

AUGLÝSINGASTOFAN Vinnandi menn ehf, hélt kynningu á starfsemi sinni á Hótel Héraði á Egilsstöðum. Fyrirtækið er byggt á grunni þriggja annarra fyrirtækja, en þau eru: Níutíuogsjö ehf, Vinnandi menn sf, og Spyrnir ehf sem sameina nú rekstur sinn undir þessu nýja nafni. Stofan hefur starfsemi á Egilsstöðum og Akureyri. Starfsemi fyrirtækisins er grafísk hönnun, auglýsingagerð, en Vinnandi menn taka að sér að veita faglega ráðgjöf og hafa heildarumsjón með auglýsingamálum fyrir fyrirtæki, hönnun á vefsíðum fyrir einstaklinga og fyrirtæki og almannatengsl en stofan leggur línurnar um hvernig gera megi fyrirtæki sýnilegri á markaði og hvernig vinna má allt frá almennu auglýsingaefni og merkingum til auglýsinga og vefsíða. Stofan annast umbrot á blöðum og tímaritum og hannar auglýsingaskilti bæði utan húss og innan, glugga- og bílamerkingar ýmis konar. Stjórn Auglýsingastofunnar Vinnandi menn ehf. skipa G. Ómar Pétursson, Hilmar Gunnlaugsson og Jóhannes Pálsson. Aðalskrifstofa fyrirtækisins er staðsett á Egilsstöðum og er framkvæmdastjóri Steinunn Ásmundsdóttir.